

Því dæmist rétt vera.

Áfrýjandi þessa máls, Páll gestgjafi Eyólfsson, á að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í kveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 9 daga. Um málskostnað fyrir undirdómi skal hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi óraskað. Svo ber áfrýjanda og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda, Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marzmán.

Nr. 28/1879

Réttvísing

gegn

Katrínu Andrésdóttur

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarétti Dalasýslu 2. maímán. 1879, var hin ákærða Katrín Andrésdóttir dæmd fyrir þjófnað á 2 1/2 al. af sirtsi til fangelsishegningar við vatn og brauð í 5 daga, og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 4 krónur í málsvarnarlaun til talsmanns hennar í héraði, Marísar bónda Einarssonar.

Þessum dómi hefir eftir ósk hinnar ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Í hinu fyrsta prófi, sem haldið var í máli þessu 2. októbermán. 1876 í Snæfellsnessýslu af þá verandi sýslumanni þar Skúla Magnússyni, kannaðist hin ákærða, Katrín

Andrésdóttir, sem átti heima á Langeyjarnesi í Dalasýslu, við, að hún sama dag hefði stolið sirtsisstúf í sölubúð S. Hjaltalíns í Stykkishólmi; stúfur þessi mældist 2 1/2 al., og hefir verið virtur 75—125 aurar. Við næsta próf í málinu, sem haldið var í Dalasýslu 27. septbr. 1877 af settum sýslumanni S. E. Sverrissyni, kannaðist hin ákærða við, að framburður hennar í prófinu 2. októbermán 1876 sé rétt bókaður, sem sé, að hún hafi tekið umræddan sirtsisstúf í verzlunarbuð kaupmanns S. Hjaltalíns án þess að hafa nokkurs manns leyfi til þess, eða að nokkur hafi vitað af því; en í þessu síðara prófi hefir hún jafnframt haldið því fram, að hún hafi ekki tekið sirtsið í því skyni að stela því, heldur hafi hún ætlast til, að það yrði skrifað í reikning þáverandi húsbónda hennar Marísar Einarssonar. Hin ákærða hafði 27. janúarmán. 1877 skrifað sýslumanninum í Dalasýslu, og í því látið í veðri vaka, að hún 2. okt. 1876 hafi af sýslumanni verið neydd til að játa upp á sig að hafa stolið hinu umrædda sirtsi, og í prófinu 27. septbr. 1877 hefir hún skýrt þetta þannig, að nauðungin hafi verið í því fölgín, að hann hafi hóttað sér að setja sig í varðhald, ef hún ekki meðgengi að hafa stolið sirtsinu. Samkvæmt ályktun yfirdómsins 24. nóvbr. 1879 var hlutaðeigandi dómara boðið að halda prófunum áfram til þess að útvega ýmsar skýringar, er þóttu vanta. Var síðan haldið próf yfir hinni ákærðu af sýslumanninum í Dalasýslu 22. marz 1880. Í þessu prófi hefir hún haldið því fram, að hún ekki hafi stolið sirtsinu, heldur hafi hún, að sig minni, beðið Þorbjörn Helgason, sem þá hafi verið við bókina í búð S. Hjaltalíns, eða S. Hjaltalín sjálfan — þessu hefir hinn síðar nefndi neitað, hinn fyr nefndi var dáinn, og gat því ekki

orðið yfirheyrður um það atriði — að skrifa sirtsið í reikning húsbónda síns Maríasar Einarssonar.

Eins og áður er sagt, játaði hin ákærða þegar í fyrsta prófi, að hún hefði stolið sirtsinu, og með því síðari framburður hennar, að því leyti hann kemur í bága við játning hennar, hvorki í sjálfu sér er sennilegur, né heldur styðst við neitt annað, sem fram er komið í málinu, þá verður samkvæmt L. 1—15—1. að byggja á þessari játningu. Að vísu hefir hin ákærða síðar borið, að hún hafi játað stuldinum á sirtsinu af því hún með hótun um að verða sett í varðhald hafi verið til þess neydd; en eins og réttarvottarnir við prófið 2. október 1876 hafa borið fyrir rétti, að þeim vitanlega hafi dómarrinn ekki haft neinar hótanir í frammi við hina ákærðu, eins getur þetta atriði, þó það væri satt, sem sé, að dómarrinn hafi hótað henni varðhaldi, eftir atvikum ekki þá þýðingu, að játning hennar verði álitin ómerk, og það því síður, sem dómarrinn hefði getað sett hina ákærðu í varðhald, án þess að játning sú, sem hún, meðan hún hefði setið í varðhaldinu, kynni að hafa gefið, fyrir þá sök yrði að skoðast sem gefin sakir nauðungar.

Þetta brot hinnar ákærðu Katrínar Andrésdóttur, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, er því af undirdómaranum réttilega heimfært uddir 230. gr. alm. hegningarlaga, og þykir hegningin hæfilega metin af honum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og ber því, þar eð yfirdómurinn verður einnig að fallast á ákvörðun héraðsdómsins um málskostnað, að staðfesta undirréttardóminn. Svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara

og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til sóknara og 10 kr. til svaramannanna.

Þýfinu er aftur skilað eiganda og er því ekki um nein iðgjöld að ræða.

Á rekstri málsins í héraði hefir staðið mjög lengi, en samt virðist yfirdóminum eftir atvikum ekki fullnæg ástæða til að láta þetta varða héraðsdómarann ábyrgð. Það sést af skjölum málsins, að héraðsdómarinn hefir í marzmánuði 1880 skrifað sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og beðið hann að leita nokkurra skýringa í málinu samkvæmt ályktun yfirdómsins 24. nóvbr. 1879, og að hann ekkert hefir gjört í þessu tilliti fyr en í október sama ár. Það sést að vísu ekki, hvernær nefnt bréf hefir borist síðar nefndum sýslumanni, og því þykir ekki næg ástæða til að sekta hann fyrir drátt á málinu, en skylt var honum að geta þess sér til afsökunar, ef bréfið hefði borist til hans svo seint, að hann ekki fyr hefði getað sint málinu.

Við yfirdóminn hefir sókn og vöru í málinu verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Dómi undirréttarins í þessu máli skal óraskað. Hin ákærða, Katrin Andrésdóttir, greiði allan af áfrýjun málsin löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara við yfirdóminn, málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 kr., og til svaramannanna við sama dóm, Jóns ritara Jónssonar, og Þorsteins málaflutningsmanns Jónssonar, 5 kr. til hvors þeirra

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.